2027

Leiðbeiningar og dæmi

Skattframtal rekstraraðila



Skatturinn
Ríkisskattstjóri

Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar ... 3
Framtalsskil rekstraraðila ... 4
Þrenns konar skilaform RSK 1.04 ... 6
Helstu breytingar á skattframtali rekstraraðila milli áranna 2026 og 2027 ... 7
Mismunur milli pappírsforms RSK 1.04 og rafræns forms ... 8

Fyrsta síða

Upplýsingar um framteljanda – Hver annast framtalsgerð ... 9
Atvinnugreinarnúmer, virðisaukaskattsnúmer og tegund rekstrar ... 10
Athugasemdir ... 11
Sundurliðun á reitum 1030, 1040, 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4386, 4390, 4391, 6080, 6092, 6110, 6122, 6136, 6150, 6164, 6176, 6186, 6198, 6232, 7190, 0695 og 9621 ... 11
Samrekstraraðilar ... 12
Álagningargrunnur gjalda og fleira ... 13
Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum ... 13

Önnur síða

Tekjur ... 14
Gjöld ... 16
Sundurliðun m.t.t. virðisaukaskatts ... 16

Þriðja síða

Önnur sundurliðun gjalda ... 20
Leiðréttingar m.t.t. ársreiknings ... 22
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, aðrar tekjur og önnur gjöld ... 23
Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir ... 25

Fjórða síða

Eignir ... 28
Eigið fé ... 30
Skuldir ... 32

Fimmta síða

Leiðréttingar á eigin fé ... 34
Samanburður virðisaukaskattsskýrslna við bókhald og ársreikning ... 36
Ýmis innskattur ... 37

Sjötta síða

Launaframtal - Stofn til tryggingagjalds ... 38

Leiðbeiningar um útfyllingu eignaskrár RSK 4.01 ... 40

Auðkenni eigna - Tegundarflokkun eigna ... 41

Dæmi 1:
Tekjur undir viðmiðunarmörkum í virðisaukaskatti ... 42

Dæmi 2: Maður með sjálfstæða starfsemi ... 43

Dæmi 3: Meðferð launa og tengdra liða ... 45

Dæmi 4: Færsla á útskatti og innskatti ... 46

Dæmi 5: Fyrningar og aukafyrningar ... 47

Atriðisorðaskrá ... 48

Almennar upplýsingar

Á skattframtali rekstraraðila **RSK 1.04** eru eignir/skuldir og tekjur/gjöld sundurliðuð með samræmdum hætti. Form framtalsins tekur mið af almennri framsetningu rekstrar- og efnahagsreikningsrekstraraðila. Framtalið er þannig bæði ætlað lögaðilum, þ.m.t. félagasamtökum, sjóðum og stofnunum sem reka atvinnu, sem og einstaklingum með eigin atvinnurekstur.

Í textanum sem hér fer á eftir verður vísað til þessa skattframtals sem **RSK 1.04**. Þegar vísað er í skattalög er átt við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum.

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar til að auðvelda framteljendum að fylla út framtalið. Hafa ber í huga að þær skilgreina almennt hvorki reikningshalds- né skattahugtök. Komi upp ágreiningur um túlkun á einstaka atriðum, sem varða útfyllingu framtalsins, svo sem á rétti til frádráttar o.þ.h., hafa leiðbeiningar þessar ekki lagagildi.

Form framtalsins og leiðbeiningar um útfyllingu þess ber ekki að túlka sem skilgreiningar og fyrirmæli um gerð ársreikninga skv. lögum nr. 145/1994 um bókhald og lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Útfylling og skil á **RSK 1.04** undanþiggur aðila ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til ársreikninga í framangreindum lögum.

Framtalseyðublöð
Framtalinu skal skila rafrænt. Sýnishorn af eyðublöðunum má nálgast á vef Skattsins, **skatturinn.is**.

Hvar á að skila skattframtali?
Skattframtali skal skilað rafrænt á vefnum **skattur.is** eða með XML-skeyti úr framtalsforritum endurskoðenda og bókara.

Skilafrestur
Skattframtali einstaklinga sem hafa með höndum atvinnurekstur ber að skila eigi síðar en 15. mars 2027.
Skattframtali lögaðila ber að skila eigi síðar en 31. maí 2027, nema annað verði ákveðið sérstaklega.

Varðveisla gagna
Gögn þau, er framtalið byggist á, er nauðsynlegt að varðveita í a.m.k. 6 ár. Geyma skal bókhald, bókhaldsfylgiskjöl og önnur bókhaldsgögn, þar með talin gögn sem varðveitt eru á tölvutæku formi, á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum reikningsárs, enda liggi fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

Vefskil á RSK 1.04
Boðið er upp á skil **RSK 1.04** í *veframtali Skattsins*. Farið er inn á veframtalið í gegnum þjónustusíðu á **skattur.is** og til þess notuð kennitala og veflykill. Veflykillinn er sendur öllum nýjum framteljendum á sérstöku blaði.

Notkun veframtalsins við framtalsgerðina tryggir að samtölur í framtalinu verða réttar. Einnig er í veframtalinu innbyggð villuprófun, sem kannar innbyrðis samræmi í útfylltu framtali.

Skil með tölvuskeyti úr framtalsforriti
Skila má **RSK 1.04** með dulrituðu og undirrituðu XML-skeyti, eftir að framtalið hefur verið fyllt út á tölvutæku formi í framtalsforriti endurskoðenda og bókara.

Skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 má skila:

- **Á veframtali á þjónustusíðu, skattur.is**
- **Með dulrituðu og undirrituðu XML-skeyti úr framtalsforritum endurskoðenda og bókara.**
- **Á pappírseyðublaði RSK 1.04 <u>í undantekningartilfellum, ef alls ekki er unnt að skila rafrænt</u>.**

Ætlast er til að skattframtal rekstraraðila RSK 1.04 sé fyllt út og skilað á tölvutæku formi!

Framtalsskil rekstraraðila

Skil á árinu 2027
Á árinu 2027 er lögaðilum, sbr. 2. gr. skattalaga, gert skylt að skila skattframtali sínu á forminu *RSK 1.04.* Jafnframt er einstaklingum í rekstri með veltu yfir kr. 30 millj. á ári gert skylt að skila framtali vegna rekstrarins á forminu *RSK 1.04.* á árinu 2027.

Skil annarra einstaklinga í rekstri eru með þeim hætti, að þeir eiga að nota formið RSK 4.11 ef velta þeirra er á bilinu kr. 2 milljónir til kr. 30 milljónir (án vsk.). Ef veltan er undir kr. 2 milljónum og engar eða óverulegar eignir eru í rekstrinum, þá mega einstaklingar í rekstri nota formið RSK 4.10.

Bændur í hefðbundnum landbúnaði, aðrir en lögaðilar í búrekstri, geta ekki skilað RSK 1.04 vegna búrekstrar. Skil þeirra skulu vera með sama hætti og áður (landbúnaðarskýrsla RSK 4.08).

Skattskil með *RSK 1.04*
Með skilum á *RSK 1.04* skal **almennt*** fylgja ósamandregginn **ársreikningur** viðkomandi félags, ásamt skýringum. Fjárhæðir á *RSK 1.04* skulu þannig grundvallast á ársreikningi hvers einstaks félags vegna rekstrar þess - óháð því hvort framteljandi hefur stöðu móður- eða dótturfélags innan fyrirtækjasamstæðu. Ársreikningi er hægt að skila rafrænt í gegnum þjónustusíðu, *skattur.is.*

* Ef félag er **örfélag** og það **skilar ársreikningi til ársreikningaskrár með „Hnappnum“**, þá þarf það **ekki** að skila hefðbundnum ársreikningi með skattframtali sínu.
Með skilum á *RSK 1.04* skal einnig, eftir því sem við á, fylgja:

- *RSK 4.01* Eignaskrá.
- *RSK 4.03* Rekstraryfirlit fólksbifreiðar.
- *RSK 4.09* Greinargerð um fólksbifreiðar.
- *RSK 4.21* Skattfrádráttur vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar hjá nýsköpunarfélagi.
- *RSK 4.22* Nýsköpun - samstarfsverkefni.
- *RSK 4.24* Skýrsla lögaðila á lágskattasvæði (CFC).
- *RSK 4.25* Skýrsla eiganda í lögaðila á lágskattasvæði (CFC).
- *RSK 4.28* Tengdir aðilar og skjölunarskylda vegna milliverðlagningar.
- *RSK 4.29* Greinargerð um aflaverðmæti og rekstrarkostnað fiskiskipa.
- *RSK 2.025* Greiðsluyfirlit vegna greiðslna til erlendra aðila.

Sundurliða skal leiðréttingar skv. reitum 1030, 1040, 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4386, 4390, 4391, 6080, 6092, 6110, 6122, 6136, 6150, 6164, 6176, 6186, 6198, 6232, 7190, 0695 og 9621 í sérstakri töflu sem fylgir með framtalinu (sjá framhaldsblað *RSK 4.14*).

Lögaðilar í búrekstri þurfa ennfremur að skila sérstöku eyðublaði í rafrænum skilum, *RSK 4.07*, ásamt *RSK 1.04*. Á þessu eyðublaði er yfirlit yfir bústofn. Skili lögaðilar í búrekstri *RSK 1.04* á pappír, þarf að fylgja með bústofnshluti landbúnaðarskýrslu *RSK 4.08*.

Eyðublöðunum *RSK 10.26* og *RSK 10.27* ber eftir atvikum að skila vegna virðisaukaskatts. Jafnframt þarf að skila eyðublaði *RSK 10.25* vegna hvers virðisaukaskattsnúmers, ef framteljandi hefur fleiri en eitt slíkt númer.

Skil aðila sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu á RSK 1.04
Þegar talað er um aðila sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu er átt við:

- Sameignarfélag eða samlagshlutafélag, sem ekki er sjálfstæður skattaðili, þ.e. skattur er ekki lagður á félagið sjálft heldur eigendur þess, en félagið er þó skráð og hefur eigin kennitölu.
- Samrekstur, sem er skráður og hefur eigin kennitölu.
- Samrekstur, sem er óformlegur og því ekki skráður og hefur ekki kennitölu.

Þegar um slíka aðila er að ræða, sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu, bera þeir sem standa að rekstrinum skattskylduna. Skila þarf *RSK 1.04* vegna rekstrarins og ber hver einstakur eignaraðili ábyrgð á skilum skattframtalsins. Sameignarfélag skilar *RSK 1.04* í eigin nafni og sama á við um skráðan samrekstur. Óskráður samrekstur skilar *RSK 1.04* í nafni eins af samrekstraraðilunum.

Á fyrstu síðu skattframtalsins er skattstofnum skipt á eigendur rekstrarins og færist hlutur hvers eiganda í reiknuðu endurgjaldi, tekjum/tapi, eignum/skuldum og staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum á framtal hans. Skattar vegna rekstrarins eru þannig lagðir á eigendur skv. skattframtölum þeirra.

Athuga þarf að eigendur sameignarfélaga, samlagsfélaga og samlagshlutafélaga, sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu, skulu færa hlutdeild sína í hreinum tekjum/tapi, hreinni eign/skuld, og eftir atvikum reiknað endurgjald inn á sín eigin framtöl, í samræmi við sundurliðunartöfluna á forsíðu *RSK 1.04*.
Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum endurgreiðist félagi sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu við álagningu þess til ráðstöfunar til eigenda þess.
Jafnframt skulu eigendur gera grein fyrir **uppruna** framangreindra fjárhæða í athugasemdatexta á forsíðu framtals síns, þ.e. frá hvaða félagi fjárhæðir eru fengnar.

- Hlutdeild í afkomu hvers árs er færð í reit 3680 (eða eftir atvikum í reiti 4390 eða 4391). Hlutdeild í eigin fé er færð í reit 5050. Skattalegar leiðréttingar á hlutdeild skal færa í reiti 4100 og/eða 7080.
- Óskattskyldur lögaðili sem er undanþeginn fjármagnstekjuskatti og skilar *RSK 1.06* (t.d. lífeyrissjóðir) tilgreinir staðgreiðslu í kaflanum „Greinargerð um fjármagnstekjur ársins“ ásamt skýringum.
- Einstaklingar gera grein fyrir hlutdeild sinni í staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum, hluteild í hreinum tekjum/tapi og hreinni eign/skuld í viðeigandi reitum rekstrarblaða með framtali sínu.

Skil aðila sem eru undanþegnir almennum tekjuskatti
Aðilar, sem eru undanþegnir skattskyldu skv. I. kafla laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, **eiga í vissum tilvikum** að skila sérstöku skattframtali óskattskyldra lögaðila ***RSK 1.06***, en eiga

ekki að skila skattframtali rekstraraðila *RSK 1.04.* Hægt er að skila *RSK 1.06* með rafrænum hætti.
Þessir lögaðilar eiga að skila ***RSK 1.06*** ef þeir greiða tryggingagjald vegna launagreiðslna, fjármagnstekjuskatt vegna fjármagnstekna sem ekki var tekin rétt staðgreiðsla af, eða ef þeir voru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi.
Ef ekki er um neitt slíkt að ræða, þá þurfa þessir lögaðilar **ekki** að skila skattframtali *RSK 1.06.*
Með skilum á *RSK 1.06* eiga eftir atvikum að fylgja eyðublöðin *RSK 10.25*, *RSK 10.26* og/eða *RSK 10.27* vegna virðisaukaskatts.

Tengsl *RSK 1.04* og persónuframtals

RSK 1.04 og persónuframtal tengjast á þann hátt að útfylling ákveðinna reita á persónuframtalinu byggist á *RSK 1.04.* Fjárhæðir sem færast á persónuframtal eru sóttar í mismunandi reiti á *RSK 1.04* eftir því hvort um er að ræða framtal vegna einstaklingsrekstrar eða skattaðila sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu.

Sé um að ræða einstaklingsrekstur eru fjárhæðir sem færast á persónuframtal sóttar í eftirtalda reiti á *RSK 1.04*:

- Fjárhæð í reit 24, reiknað endurgjald á persónuframtali, er hluti framteljanda í reiknuðu endurgjaldi sem sótt er í reit 3080.
- Fjárhæð í reit 62, hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri á persónuframtali, er sótt í reit 0900.
- Fjárhæð í reit 01, hrein eign samkv. efnahagsreikningi á persónuframtali, er sótt í reit 0920.
- Fjárhæð í reit 165, skuldir umfram eignir í eigin atvinnurekstri á persónuframtali, er sótt í reit 0930.
- Fjárhæð í reit 309, staðgreiðsla af fjármagnstekjum í eigin atvinnurekstri, er sótt í reiti 9000 og 9010.

Sé einstaklingur aðili að rekstri sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu eru fjárhæðir sem færast á persónuframtal sóttar í eftirtalda reiti á *RSK 1.04*:

- Fjárhæð í reit 24, reiknað endurgjald á persónuframtali, er sótt í viðeigandi línu í reit 0710.
- Fjárhæð í reit 62, hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri á persónuframtali, er sótt í sömu línu í reit 0720.
- Fjárhæð í reit 01, hrein eign samkv. efnahagsreikningi á persónuframtali, er sótt í sömu línu í reit 0730.
- Fjárhæð í reit 165, skuldir umfram eignir í eigin atvinnurekstri á persónuframtali, er sótt í sömu línu í reit 0730.

Ef einstaklingur er með eigin rekstur og er jafnframt aðili að rekstri sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu, þá er hlutur hans í hreinum tekjum/tapi og hreinni eign/skuld sóttur í viðeigandi línu í reit 0720 og 0730 á *RSK 1.04* vegna þess rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu. Umræddar fjárhæðir eru færðar í reit 3680 og í reit 5050 á *RSK 1.04* vegna einstaklingsrekstrarins og gerðar leiðréttingar í reitum 4100 og 7080 á framtali hans, ef um þær er að ræða. Þetta þýðir að samtala fjárhæðanna í reitum 3680 og 4100 á framtali einstaklingsrekstrarins á að stemma við fjárhæðina sem sótt var í reit 0720 á framtali rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu. Á sama hátt gildir að samtala fjárhæðanna í reitum 5050 og 7080 á framtali einstaklingsrekstrarins á að stemma við fjárhæðina sem sótt var í reit 0730 á framtali rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu.

Tengsl framtals hlutafélags eða sameignarfélags sem ber sjálfstæða skattskyldu og framtals rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu

Hlutdeild hlutafélags eða sameignarfélags í hreinum tekjum/tapi og hreinni eign/skuld, sem færð er í reiti 0720 og 0730 á framtali rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu, skal færð í reit 3680 og reit 5050 á framtali eignaraðilans og gerðar leiðréttingar í reitum 4100 og 7080, ef um þær er að ræða. Þetta þýðir að samtala fjárhæðanna í reitum 3680 og 4100 á framtali eignaraðilans á að stemma við fjárhæðina sem sótt var í reit 0720 á framtali rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu. Á sama hátt gildir að samtala fjárhæðanna í reitum 5050 og 7080 á framtali eignaraðilans á að stemma við fjárhæðina sem sótt var í reit 0730 á framtali rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu.

Pappírsframhaldseyðublað *RSK 4.14*

Ef ekki eru nógu margar línur á *RSK 1.04* til að sundurliða upplýsingar um samrekstraraðila, skal nota framhaldsblað *RSK 4.14.* Merkja skal í þar til gerðan reit (0060) á *RSK 1.04*. Nota má fleiri en eitt framhaldsblað þegar þær upplýsingar sem gefa þarf rúmast ekki á einu blaði. Í slíkum tilvikum skulu samanlagðar samtölur af öllum framhaldsblöðum fluttar í einu lagi í viðeigandi reit á skattframtali rekstraraðila.

Á framhaldseyðublaðinu er einnig að finna sundurliðun á skattalegum leiðréttingum sem fram koma í reit 4400 á 4. síðu *RSK 1.04*. Ef reitur 4400 á *RSK 1.04* er útfylltur skal því undantekningalaust skila framhaldseyðublaði *RSK 4.14*.

Á framhaldseyðublaðinu er að finna sundurliðunartöflu fyrir leiðréttingar skv. reitum 1030, 1040, 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4386, 4390, 4391, 6080, 6092, 6110, 6122, 6136, 6150, 6164, 6176, 6186, 6198, 6232, 7190, 0695 og 9621.

Öll framhaldsblöð verða að vera merkt með kennitölu.

Sé framtali skilað á tölvutæku formi, þarf aldrei að skila framhaldsblaði RSK 4.14, því reitir framhaldsblaðsins eru innbyggðir í tölvutæka framtalsformið.

Mikilvæg atriði varðandi útfyllingu RSK 1.04:

- **Ljúka þarf útfyllingu á öllu framtalinu, eftir því sem við á. Allar blaðsíður framtalsins mynda í raun eitt samhangandi form.**
- **Nauðsynlegt er að fylla út í samtölureiti. Þetta gildir sérstaklega um reiti 4990 og 7990. Í rafrænu framtali er sjálfvirkur útreikningur á samtölum.**
- **Fjárhæðir í reitum 4990 og 7990 skulu undantekningalaust fluttar í reiti 0900/0910 og 0920/0930, á forsíðu framtalsins. Þetta gerist með sjálfvirkum hætti í rafrænu framtali.**

Þrenns konar skilaform RSK 1.04

Skattframtali rekstraraðila **RSK 1.04** má skila á þrjá mismunandi vegu:

- Á veframtali á þjónustusíðu, **skattur.is**.
- Með dulrituðu og undirrituðu **XML-skeyti** úr framtalsforritum endurskoðenda og bókara.
- Á pappírseyðublaði **RSK 1.04** í undantekningartilfellum ef alls ekki er unnt að skila rafrænt.

Jafnframt skal skila viðeigandi fylgigögnum, sbr. umfjöllun á bls. 4.

Ætlast er til að skattframtal rekstraraðila RSK 1.04 sé fyllt út og skilað á tölvutæku formi.

Á pappírseyðublaði *RSK 1.04*

Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga ef skilað er á prentuðu formi:

Eyðublað
Aðeins er tekið á móti framtali á prentuðu eyðublaði Skattsins, þ.e. *RSK 1.04.*

Vélritun
Æskilegt er að framtalið sé vélritað.

4540 1.800.000

Handskrift
Séu fjárhæðir handskrifaðar þarf að gæta þess að skrifa skýrt og greinilega.

4540 1.800.000

Færið allar fjárhæðir í heilum krónum. Notið - (mínus) en ekki sviga til að sýna neikvæðar fjárhæðir.

Mjög mikilvægt er að lokið sé við útfyllingu framtalsins, þ.e. að fyllt sé út í alla samtölureiti, eftir því sem við á.

Fjárhæðir skal alltaf færa í heilum krónum!

Skil með tölvuskeyti úr framtalsforritum

Skila má *RSK 1.04* með dulrituðu og undirrituðu XML-skeyti eftir að framtalið hefur verið fyllt út á tölvutæku formi í framtalsforritum endurskoðenda og bókara.

Við skil fara þessi framtöl í gegnum *villuprófun* hjá Skattinum, sem tryggir réttar samtölur og innbyrðis samræmi í útfylltu framtali.

Veframtal á *skattur.is*

Boðið er upp á skil á *RSK 1.04* í *veframtali Skattsins.* Farið er inn á veframtalið í gegnum þjónustusíðu á *skattur.is* og til þess notuð kennitala og veflykill. Veflykillinn er sendur öllum nýjum framteljendum á sérstöku blaði.

Notkun veframtalsins við framtalsgerðina tryggir að samtölur í framtalinu verða réttar. Einnig er í veframtalinu innbyggð villuprófun, sem kannar innbyrðis samræmi í útfylltu framtali.

Við skil fara þessi framtöl í gegnum *villuprófun* hjá Skattinum.

Ætlast er til að skattframtal rekstraraðila RSK 1.04 sé fyllt út og skilað á tölvutæku formi.

Helstu breytingar á skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 milli áranna 2026 og 2027

Eftirfarandi yfirlit sýnir þær breytingar sem orðið hafa á **RSK 1.04** frá árinu 2026.

Breytt reitaheiti og/eða reitanúmer á RSK 1.04:

Reitaheiti		**Reitanúmer**	
Gamalt	Nýtt	Gamalt	Nýtt
Ónotað tap 2015	Ónotað tap 2016	4520	4520
Ónotað tap 2016	Ónotað tap 2017	4530	4530
Ónotað tap 2017	Ónotað tap 2018	4540	4540
Ónotað tap 2018	Ónotað tap 2019	4550	4550
Ónotað tap 2019	Ónotað tap 2020	4560	4560
Ónotað tap 2020	Ónotað tap 2021	4570	4570
Ónotað tap 2021	Ónotað tap 2022	4580	4580
Ónotað tap 2022	Ónotað tap 2023	4590	4590
Ónotað tap 2023	Ónotað tap 2024	4600	4600
Ónotað tap 2024	Ónotað tap 2025	4610	4610

Reitir sem detta út af framtalinu:

Reitaheiti	**Reitanúmer**	**Formerki**
Tekjufærsla vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti	4176	+

Mismunur milli pappírsforms RSK 1.04 og rafræns forms

Útfærsla skattframtalsins **RSK 1.04** á rafrænu formi er *ekki* nákvæmlega hin sama og á pappírsforminu. Þetta stafar af þeim mismunandi möguleikum sem tölvutækni og pappírsform bjóða upp á. Efnislega er þó enginn munur á **RSK 1.04** í rafrænu formi og á pappírsformi.

Eftirfarandi atriði eru útfærð með öðrum hætti í rafrænu formi *RSK 1.04* en á pappír:

1. Á undan reit 4520 (yfirfæranlegt tap 2016) í rafræna forminu kemur sérstakur millisummureitur (með sjálfvirkri samlagningu og tekur summu reita 3990 til 4399). Þessi reitur heitir „Hagnaður/tap fyrir nýtingu yfirfæranlegs taps fyrri ára“ og hefur númerið 4450.


2. Í stað reits 4400 á pappírsframtali koma 10 reitir í rafræna forminu (4310-4391). Þessir 10 reitir eru hins vegar til staðar á framhaldsblaði *RSK 4.14*, en því eyðublaði verður að skila með, sé skilað á pappír og reitur 4400 útfylltur. Þessir reitir eru eftirfarandi:

Reitur

Skattaleg leiðrétting vegna greiddra eftirlauna.	4310
Skattaleg leiðrétting vegna eftirlaunaskuldbindinga.	4320
Skattaleg leiðrétting á söluhagnaði/sölutapi hlutabréfa.	4330
Skattaleg leiðrétting vegna fjármögnunarleigugreiðslna.	4340
Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga/dótturfélaga.	4350
Skattaleg leiðrétting vegna samsköttunar.	4382
Skattaleg leiðrétting vegna sameiningar/samruna.	4384
Skattalegar leiðréttingar sem tengjast hlutabréfa- og/eða verðbréfaeign.	4386
Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti (hækkun).	4390
Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti (lækkun).	4391

Upplýsingar um framteljanda - Hver annast framtalsgerð

Reitir 0010 til 0040 á framtalinu eru fyrirfram útfylltir í veframtalinu með upplýsingum sem liggja fyrir hjá skattyfirvöldum. Sé notað pappírseyðublað sem ekki er fyrirfram áprentað, verður að færa inn viðeigandi upplýsingar. Nánari leiðbeiningar varðandi útfyllingu þessara reita, þegar um er að ræða skattaðila sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu, er að finna í kaflanum *Samrekstraraðilar* á bls. 12. Í þessum kafla er jafnframt merkt í viðeigandi reit eftir því hver annast framtalsgerð og hver tegund áritunar er á ársreikning.


Skatturinn
Ríkisskattstjóri

Skattframtal rekstraraðila 2027

Allar fjárhæðir skal færa í heilum krónum

Framtalið berist 0010

Kennitala 0020

Sveitarfélag 0030 Sveitarfélagsnúmer

Nafn - póstfang 0040

Framtal unnið af
0110 Löggiltum endurskoðanda
0115 Bókara/ skoðunarmanni
0120 Öðrum aðkeyptum verktaka
0130 Eiganda/ starfsmanni

0135 Ársreikn. áritaður af skoðunarmanni

Áritun löggilts endurskoðanda á ársreikning
0140 Án fyrirvara
0150 Með fyrirvara
0160 Án álits
0170 Neikvæð áritun
0180 Án endurskoðunar
0190 Ársreikningur ekki gerður af löggiltum endurskoðanda

Upplýsingar um framteljanda

0010 Framtalið berist
Framtalinu skal skila rafrænt á vefnum **skattur.is** eða í undantekningartilvikum á pappír á starfsstöð Skattsins.

0020 Kennitala
Kennitala framteljanda þarf að koma fram á öllum blaðsíðum framtalsins og auk þess á framhaldsblöðum.

0030 Sveitarfélag
Hér skal færa nafn og númer þess sveitarfélags, þar sem framteljandi átti lögheimili hinn 31. desember 2026.

0040 Nafn - póstfang
Hér skal færa nafn framteljanda, hvort heldur um er að ræða einstakling með atvinnurekstur eða lögaðila. Hér skal einnig færa lögheimili framteljanda þann 31. desember síðastliðinn og í næstu línu færist póstnúmer og póststöð.

Hver annast framtalsgerð

0110 - 0130 Framtal unnið af
Merkt er í reitina eftir því hver hefur annast framtalsgerð.

- Ef framtal hefur verið unnið af löggiltum endurskoðanda er merkt í reit 0110.
- Ef framtal hefur verið unnið af utanaðkomandi bókara eða skoðunarmanni er merkt í reit 0115.
- Ef framtal hefur verið unnið af aðkeyptum verktaka, öðrum en löggiltum endurskoðanda, utanaðkomandi bókara eða skoðunarmanni, er merkt í reit 0120.
- Ef framtal hefur verið unnið af eiganda, starfsmanni eða öðrum, er merkt í reit 0130.

0138 Kennitala sendanda vef-framtals
Hér skal skrá kennitölu þess aðila sem annast framtalsgerðina / skilar inn framtalinu. Ef um er að ræða endurskoðunarstofu eða bókhaldsstofu **skal skrá kennitölu stofunnar**, en annars kennitölu þess einstaklings sem skilar inn framtalinu.

Ársreikningur áritaður af skoðunarmanni

0135 Ársreikningur áritaður af skoðunarmanni
Sé ársreikningur áritaður af skoðunarmanni, en ekki af löggiltum endurskoðanda, er merkt í þennan reit. Ef áritun á ársreikning er hins vegar gerð af löggiltum endurskoðanda er merkt í einn af reitum 0140 til 0180.

Áritun löggilts endurskoðanda á ársreikning

0140 - 0190 Áritun löggilts endurskoðanda á ársreikning
Hér er merkt í viðeigandi reit, eftir því hver áritun löggilts endurskoðanda er á ársreikninginn, sem framtalsskil byggjast á.


- Ef áritun er án fyrirvara er merkt í reit 0140.
- Ef áritun er með fyrirvara er merkt í reit 0150.
- Ef áritun er án álits er merkt í reit 0160.
- Ef áritun er neikvæð er merkt í reit 0170.
- Ef endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd er merkt í reit 0180.
- Ef ársreikningur er ekki gerður af löggiltum endurskoðanda er merkt í reit 0190.

Fjársýsluskattsskylda

Haka skal við í reit 0290 ef framteljandi er skattskyldur til fjársýsluskatts skv. lögum nr. 165/2011.

Atvinnugreinarnúmer, virðisaukaskattsnúmer og tegund rekstrar

Í þennan kafla eru færðar upplýsingar um atvinnugrein, virðisaukaskattsnúmer og tegund/form rekstrar. Reitir 0200 og 0220 eru fyrirfram útfylltir í veframtalinu. Sé notað pappírseyðublað, sem ekki er fyrirfram áprentað, skal færa viðeigandi upplýsingar í reitina.



Atvinnugreinarnúmer og virðisaukaskattsnúmer

0200 Aðal atvinnugrein, heiti og númer
Hér kemur fram nafn aðalatvinnugreinar og atvinnugreinarnúmer, samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands.

Ef notað er pappírseyðublað verður að færa inn heiti atvinnugreinar og atvinnugreinarnúmer, skv. atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, ÍSAT 2008.

0210 Leiðrétt atvinnugrein, númer
Ef fyrirfram útfyllt atvinnugreinarnúmer í reit 0200 er ekki rétt, skal hér skrá inn rétt atvinnugreinarnúmer skv. ÍSAT 2008.

0220 Aðal virðisaukaskattsnúmer
Hér er fyrirfram útfyllt virðisaukaskattsnúmer framteljanda. Ef hann er með fleiri en eitt númer, kemur hér fram það númer sem stærstur hluti veltunnar fellur undir.

Tegund rekstrar

Hér skal merkja við tegund þess rekstrar sem gerð er grein fyrir á framtalinu. Aðeins skal merkja í einn reit.

0230 Einstaklingur með rekstur
Ef framteljandi er einstaklingur sem stundar atvinnustarfsemi á eigin ábyrgð og í eigin nafni, en ekki í nafni félags, þ.e. skattskylda hans byggir á 1. gr. skattalaga, skal merkt í reit 0230.

0240 Skattskyldur lögaðili
Ef framteljandi er félag, sjóður eða stofnun sem skattskyld er skv. 2. gr. skattalaga, skal merkt í reit 0240.

0250 Samrekstur, ekki sjálfstæður skattaðili
Ef um er að ræða rekstur tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila, þar sem ekki eru uppfyllt skilyrði fyrir sjálfstæðri skattaðild, sbr. 3. mgr. 2. gr. skattalaga, skal merkt í reit 0250. Eignum og tekjum er skipt upp á milli samrekstraraðila og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum þeirra. Ekki skal halda utan um yfirfæranlegt tap fyrri ára í reitum 4520 til 4610 í framtali ósjálfstæðs skattaðila, heldur er það gert í framtali hvers eiganda (samrekstraraðila) fyrir sig. Sjá nánar í kaflanum *Samrekstraraðilar* á bls. 12.

0260 Óskattskyldur aðili/Takmörkuð skattskylda
Sé framteljandi undanþeginn skattskyldu skv. **4. tl. 4. gr.** skattalaga eða beri hann takmarkaða skattskyldu skv. **3. gr.** sömu laga, skal merkt í reit 0260. Félög/stofnanir sem njóta undanþágu frá tekjuskatti, skv. 4. gr. tekjuskattslaga (þó **ekki** félög í 4. tl. 4. gr.), eiga **ekki** að skila hefðbundnu skattframtali skattskyldra lögaðila á forminu RSK 1.04. Þau geta þó eftir sem áður þurft að skila margvíslegum gögnum til skattyfirvalda, og nota þá til þess sérstakt eyðublað, **RSK 1.06, Skattframtal óskattskyldra lögaðila**.

Fjöldi ársverka

0295 Fjöldi ársverka
Hér skal skrá fjölda ársverka hjá framteljanda og miða við neðangreinda skilgreiningu á ársverki.
Ársverk: Jafngildi vinnuframlags eins manns í fullu starfi í eitt ár. Vinna þeirra sem ekki störfuðu allt árið, vinna þeirra sem voru í hlutastarfi, óháð tímalengd, og vinna árstíðabundinna starfsmanna reiknast sem brot af ársverki. Til starfsmanna teljast:

a. starfsmenn,
b. eigendur og/eða framkvæmdastjórar sem starfa hjá félaginu.

Lærlingar eða iðnnemar sem eru í námi eða starfsþjálfun samkvæmt samningi og starfa ekki gegn endurgjaldi teljast ekki til starfsmanna. Sama á við um starfsmenn sem eru í fæðingarorlofi og foreldraorlofi.

Athugasemdir

Í athugasemdakafla á forsíðu framtalsins (reitur 4433) getur framteljandi komið að ýmsum almennum athugasemdum sínum, ábendingum eða skýringum vegna framtalsins, meðfylgjandi ársreiknings eða annarra fylgigagna.

Athugasemdir

4433

Það staðfestist að viðlögðum drengskap að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund.

Sundurliðun á reitum

1030, 1040, 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4386, 4390, 4391, 6080, 6092, 6110, 6122, 6136, 6150, 6164, 6176, 6186, 6198, 6232, 7190, 0695 og 9621

Í sundurliðunartöflu á framhaldseyðublaðinu **RSK 4.14 skal sýna** sundurliðun á leiðréttingum/fjárhæðum í reitum 1030, 1040, 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4386, 4390, 4391, 6080, 6092, 6110, 6122, 6136, 6150, 6164, 6176, 6186, 6198, 6232, 7190, 0695 og 9621. Sundurliða má fjárhæð í hverjum þessara reita í eins mörgum línum í töflunni og þörf er á. Fyrst kemur reitanúmer þess reits sem verið er að sundurliða í dálkinn „Reitanúmer“ (t.d. 3170). Í dálkinn „Upphæð“ færist síðan sundurliðunarfjárhæðin og í dálknum „Skýring“ er gerð grein fyrir hvers eðlis sundurliðunin er, þ.e. hvaða fjárhæð er um að ræða í hverju tilfelli.

Sundurliðun á reitum 1030, 1040, 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4386, 4390, 4391, 6080, 6092, 6110, 6122, 6136, 6150, 6164, 6176, 6186, 6198, 6232, 7190, 0695 og 9621

4403 Reitanúmer	4413 Upphæð +/–	4423 Skýring

Samrekstraraðilar

Sé **RSK 1.04** fyllt út fyrir sameignarfélag sem ekki er sjálfstæður skattaðili eða fyrir samrekstur, skal hér færa upplýsingar um hvern eiganda fyrir sig, þ.e. kennitölu hans, reiknað endurgjald, hlutdeild í tekjum/tapi og eignum/skuldum og hlutdeild í staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts. Séu eigendur fleiri en rúmast á **RSK 1.04** skal nota framhaldsblað **RSK 4.14** og merkja í reit 0060.

Í reit 0020 skal færa kennitölu samrekstrarins, ef slík kennitala er fyrir hendi. Ef samreksturinn hefur ekki eigin kennitölu, skal notuð kennitala þess eiganda sem skráður er fyrir virðisaukaskattsnúmeri rekstrarins. Ef ekki er skráð virðisaukaskattsnúmer vegna samrekstrarins, skal notuð kennitala þess eiganda sem er á launagreiðendaskrá vegna þessa rekstrar. Eigi ekkert af framangreindu við, þurfa eigendur að koma sér saman um hver þeirra skuli verða fyrirsvarsmaður rekstrarins og skila **RSK 1.04** á kennitölu hans.

Ekki skal halda utan um yfirfæranlegt tap fyrri ára í reitum 4520 til 4610 í framtali ósjálfstæðs skattaðila, heldur er það gert í framtali hvers eiganda (samrekstraraðila) fyrir sig.

Sjá einnig kaflann um *Skil aðila sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu á* **RSK 1.04** á bls. 4.

Athugið! Aðeins skal færa í þessa töflu ef um rekstur í eigu tveggja eða fleiri aðila er að ræða.

Samrekstraraðilar, skipting tekna, eigna o.fl. 0060 ☐ **Framhaldsblað RSK 4.14** 0295 ☐ Fjöldi ársverka hjá framteljanda

Kennitala	Reiknað endurgjald	Hluti af hreinum tekjum/tapi *	+/-	Hluti af hreinni eign/skuld *	+/-	Hluti af staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum
0700	0710	0720		0730		0740
0700	0710	0720		0730		0740
0700	0710	0720		0730		0740
0700	0710	0720		0730		0740

0700 Kennitala
Hér færast kennitölur þeirra samrekstraraðila sem standa að rekstrinum.

0710 Reiknað endurgjald
Hér færist *reiknað endurgjald* hvers samrekstraraðila, að meðtöldu reiknuðu endurgjaldi maka og barna undir 16 ára aldri. Samtala reiknaðs endurgjalds í þessum reitum á að vera jöfn reiknuðu endurgjaldi í reit 3080.

Reiknað endurgjald hvers samrekstraraðila færist í reit 24 á viðkomandi persónuframtali.

0720 Hluti af hreinum tekjum/tapi
Hreinar tekjur í reit 0900 eða *Yfirfæranlegt tap til næsta árs* í reit 0910 margfaldast með eignarhlutfalli hvers aðila fyrir sig og færist hér. Tekjur færast sem (+) plústala en tap færist sem (-) mínustala. Samtala úr reitum 0720 á að vera jöfn fjárhæð í reit 0900 eða 0910.

Einstaklingur sem ekki hefur annan rekstur með höndum færir sinn hluta af hreinum tekjum í reit 62 á persónuframtali. Yfirfæranlegt tap færist ekki á persónuframtal.
Hlutafélag, sameignarfélag sem er sjálfstæður skattaðili, eða einstaklingur, sem jafnframt er með annan rekstur, telur fram hlutdeild sína í hreinum tekjum eða tapi af samrekstri (einum eða fleiri) í reitum 3680 og 4100 á rekstrarframtali sínu.

0730 Hluti af hreinni eign/skuld
Hrein eign í reit 0920 eða *Skuldir umfram eignir* í reit 0930 margfaldast með eignarhlutfalli hvers aðila fyrir sig og færist hér. Eign færist sem (+) plústala en skuld færist sem (-) mínustala. Samtala úr reitum 0730 á að vera jöfn fjárhæð í reit 0920 eða 0930.

Einstaklingur sem ekki hefur annan rekstur með höndum færir sinn hluta af hreinni eign í reit 01 og sinn hluta af skuldum umfram eignir í reit 165 á persónuframtali.

Hlutafélag, sameignarfélag sem er sjálfstæður skattaðili, eða einstaklingur, sem jafnframt er með annan rekstur, færir sinn hluta af hreinni eign eða skuld í samrekstri (einum eða fleiri) í reiti 5050 og 7080 á rekstrarframtali sínu.

0740 Hluti af staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum
Samtala *staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum* í reitum 9000 og 9010 margfaldast með eignarhlutfalli hvers aðila fyrir sig og færist hér. Samtala úr reitum 0740 á að vera jöfn samtölu fjárhæða í reitum 9000 og 9010.

Fjárhæðir fá gildi í samræmi við formerki (+ eða -) sem prentað er framan við reit. Reitir sem geta tekið mismunandi formerki eru merktir með stjörnu. Þegar fjárhæð í reit, sem merktur er með stjörnu, á að vera neikvæð þarf framteljandi að gefa fjárhæðinni mínus formerki (t.d. -12.345).

Álagningargrunnur gjalda o.fl.

Hér færist álagningargrunnur gjalda, þ.e. tekjuskatts, tryggingagjalds og fleira. Einnig færist hér útreiknað jöfnunarverðmæti hlutabréfa. Ekki er nægjanlegt að fylla eingöngu út þennan kafla framtalsins. Ljúka þarf útfyllingu alls framtalsins, eftir því sem við á.

Hreinar tekjur	0900	Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu	0980	
Yfirfæranlegt tap til næsta árs	0910	Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu	0981	
Hrein eign	0920	Stofn til fjársýsluskatts í staðgreiðslu	0984	
	0930		0986	

0900 Hreinar tekjur
Reynist niðurstöðutala rekstrarins í reit 4990 jákvæð (þ.e. ef tekjur eru hærri en gjöld), þá skal sú tala færð í þennan reit og myndar hún þannig álagningargrunn tekjuskatts.

0910 Yfirfæranlegt tap til næsta árs
Ef niðurstöðutala rekstrarins í reit 4990 reynist neikvæð (þ.e. ef gjöld eru hærri en tekjur), þá skal sú tala, án mínusformerkisins, færð í þennan reit.

0920 Hrein eign
Reynist niðurstöðutala efnahags í reit 7990 jákvæð (þ.e. ef eignir eru meiri en skuldir), þá skal sú tala færð í þennan reit.

0930 Skuldir umfram eignir
Ef niðurstöðutala efnahags í reit 7990 reynist neikvæð (þ.e. ef skuldir eru meiri en eignir), þá skal sú tala, án mínusformerkisins, færð í þennan reit.

0960 Jöfnunarverðmæti hlutabréfa
Hér færist útreiknað jöfnunarverðmæti hlutabréfa, sbr. 3. mgr. 18. gr. skattalaga.

0970 Arðstekjur sameignarfélags
Hér skulu þeir lögaðilar er greinir í 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. skattalaga (sameignarfélög o.fl.) færa fenginn arð skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. sömu laga. Þessi arður skattleggst í 22% skattþrepi. Sömu fjárhæð skal færa í reit 4115, en þar kemur hún til lækkunar á tekjum sem fara í almennt skattþrep skv. reit 4990.

0980 Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu
Hér færist stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu, þ.e. fjárhæðir í reitum 9625 og 9715 á bls. 8.

0981 Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu
Hér færist stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu, þ.e. fjárhæðin í reit 9650 á bls. 8.

0984 og 0986 Stofnar til fjársýsluskatts.
Hér færast stofnar til fjársýsluskatts, þ.e. fjárhæðir í reitum 0986 og 9735 á bls. 8.

0987 Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki
Skv. lögum nr. 155/2010 er lagður sérstakur 0,145% skattur á fjármálafyrirtæki sem hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, og aðra aðila sem hafa fengið leyfi til að taka við innlánum. Stofn til þessa sérstaka skatts er heildarskuldir skattskylds aðila í lok tekjuárs skv. 75. gr. laga nr. 90/2003, umfram 50 milljarða kr. Heildarskuldir eru skuldir eins og þær eru tilgreindar á skattframtali fjármálafyrirtækja (í reit 6990) með nauðsynlegum leiðréttingum á skattframtali til samræmis við ákvæði skattalaga. Um er að ræða leiðréttingar vegna ófrádráttarbærs arðs í reit 7110, eftirlaunaskuldbindinga í reit 7120, tekjuskattsskuldbindinga í reit 7130 og ófrádráttarbærra gjalda/tekjuskatts í reit 7140 eða reit 7190.

0988 Rannsóknar- og þróunarkostnaður hjá nýsköpunarfyrirtæki
Skv. lögum nr. 152/2009 er nýsköpunarfélögum, sem hlotið hafa sérstaka staðfestingu hjá Rannís, heimilt að draga frá tekjuskatti ákveðna fjárhæð vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Ef frádrátturinn er hærri en greiddur tekjuskattur, er mismunurinn greiddur út. Gera skal grein fyrir útreikningi þessa frádráttar á eyðublaði *RSK 4.21* með framtalinu.

0989 Stofn til sérstaks fjársýsluskatts
Sérstakur fjársýsluskattur er 6% viðbótar tekjuskattur á tekjuskattsstofn umfram 1.000.000.000 kr. hjá aðilum sem greiða fjársýsluskatt.
Við álagningu sérstaks fjársýsluskatts er **ekki** tekið tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps. Hér skal því færa fjárhæð tekjuskattsstofns umfram 1.000.000.000 kr., þar sem ekki er tekið tillit til yfirfæranlegs taps eða samsköttunar.

Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum

Í þessum kafla koma fram upplýsingar um þá staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum, sem dregin hefur verið af fjármagnstekjum framteljanda á árinu.

9000 Af arði
Í þennan reit kemur sú fjárhæð sem framteljandi hefur greitt í staðgreiðslu af arðstekjum sínum á árinu.

9010 Af vöxtum
Í þennan reit kemur sú fjárhæð sem framteljandi hefur greitt í staðgreiðslu af vaxtatekjum sínum á árinu.

Tekjur

Í þennan kafla skal færa allar tekjur, aðrar en þær sem sundurliða skal í reitum 3610 til 3637, 3665, 3670 og 3680, en þar er um að ræða vaxtatekjur, gengishagnað, arðstekjur, aðrar fjármunatekjur, óreglulegar tekjur og hlutdeild í rekstrarafkomu skattaðila sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu.

Tekjur skulu tilgreindar brúttó, þ.e. án nokkurs frádráttar, með vörugjaldi en án virðisaukaskatts, sundurliðaðar eins og reitirnir gefa til kynna. Frádráttur færist sem gjöld í gjaldakafla framtalsins.

Sundurliðun í reitum 1017 til 1040 miðast við sundurliðun tekna m.t.t. virðisaukaskatts, þó án frádráttar vegna tapaðra viðskiptakrafna. Sá frádráttur færist í gjaldakafla framtalsins, í reiti 2475 til 2505.

Söluhagnað (þó ekki söluhagnað hlutabréfa) og aðrar tekjur ber að færa í reiti 1050 og 1060, sbr. leiðbeiningar við þá reiti.

Fjárhæð í reit 1090 *Rekstrartekjur samtals* á að vera jöfn rekstrartekjum samkvæmt ársreikningi.

Sé mismunur á milli rekstrartekna samkvæmt ársreikningi og skattframtali, þá skal hann leiðréttur í reit 1070 *Leiðrétting rekstrartekna m.t.t. ársreiknings,* til þess að reitur 1090 sé í samræmi við ársreikning.

Sjá einnig kaflann *Leiðréttingar m.t.t. ársreiknings* á bls. 22.

Tekjur

Virðisaukaskattsskyld sala 24%	+	1017	Söluhagnaður	+	1050
Virðisaukaskattsskyld sala 11%	+	1027	Aðrar tekjur	+	1060
Velta undanþegin virðisaukaskatti (12. gr.) s.s. útflutn. á vöru og þjónustu	+	1030	Leiðrétting rekstrartekna m.t.t. ársreiknings *	+/-	1070
Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti (2. gr.) s.s. heilbrigðisþjónusta, félagsl. þj., kennsla, íþróttir, almenningssamgöngur o.fl.	+	1040	**Rekstrartekjur samtals** Samtala reita 1010 til 1070 *	=	1090

1017 og 1027 Virðisaukaskattsskyld sala (24% og 11%)

Í reit 1017 skal færa skattskylda veltu í 24% skattþrepi virðisaukaskatts en í reit 1027 skal færa skattskylda veltu í 11% skattþrepi. Virðisaukaskattur leggst á viðskipti innanlands á öllum stigum. Skattskyldusvið laga um virðisaukaskatt nær til sölu eða afhendingar á vörum og verðmætum, vinnu og þjónustu, nema sérstökum undanþágum sé til að dreifa.

Í reiti 1017 og 1027 færist m.a.:

- Úttekt til eigin nota sbr. 11. gr. laga um virðisaukaskatt.
- Innáborganir fyrir afhendingu sbr. 13. gr. laga um virðisaukaskatt.
- Reiknað skattverð skv. reglugerðum 562/1989, 576/ 1989 og 248/1990.
- Skattverð rekstrarfjármuna þegar fyrirtæki hættir rekstri sbr. 11. gr. laga um virðisaukaskatt.

Ekki skal lækka virðisaukaskattsskylda veltu í þessum reitum vegna tapaðra viðskiptakrafna, heldur skal gera grein fyrir þeim í reitum 2475 til 2505 í gjaldakafla framtalsins.

1030 Velta undanþegin virðisaukaskatti (12. gr.)

Hér á að færa allar tekjur af virðisaukaskattsskyldri starfsemi sem undanþegnar eru skv. 1., 2. og 4. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt, t.d. vegna útflutnings á vöru og þjónustu. Í þessum tilvikum reiknast ekki útskattur á tiltekna sölu eða afhendingu, þótt innskattsréttur vegna öflunar aðfanga í tengslum við þessa sölu eða afhendingu sé fyrir hendi. Oft er því talað um að í þessum tilvikum reiknist „núllskattur“.

*Við færslu á tekjum í þennan reit er nauðsynlegt að gera greinarmun á **starfsemi** sem undanþegin er virðisaukaskattsskyldu annars vegar og **veltu** sem undanþegin er virðisaukaskatti hins vegar.*

Hér færast ekki tekjur af þeirri starfsemi sem fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Slíkar tekjur færast í reit 1040.

Hér færast heldur ekki þær tekjur sem ekki bera virðisaukaskatt af öðrum sökum. Slíkar tekjur færast í reit 1060, nema söluhagnaður sem færist í reit 1050.

Gera skal grein fyrir sundurliðun fjárhæðar í þessum reit í sundurliðunartöflu framtalsins.

1040 Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti (2. gr.)
Hér á að færa allar tekjur af starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt.
Hér er t.d. um að ræða heilbrigðisþjónustu, félagslega þjónustu, kennslu, íþróttir, almenningssamgöngur o.fl.

*Við færslu á tekjum í þennan reit er nauðsynlegt að gera greinarmun á **starfsemi** sem undanþegin er virðisaukaskattsskyldu annars vegar og **veltu** sem undanþegin er virðisaukaskatti hins vegar.*

Hér færast ekki tekjur af sölu eða afhendingu í þeim tilfellum þar sem veltan í virðisaukaskattsskyldri starfsemi er undanþegin virðisaukaskatti, t.d. vegna útflutnings. Slíkar tekjur færast í reit 1030.

Hér færast heldur ekki þær tekjur sem ekki bera virðisaukaskatt af öðrum sökum. Slíkar tekjur færast í reit 1060, nema söluhagnaður sem færist í reit 1050.

Gera skal grein fyrir sundurliðun fjárhæðar í þessum reit í sundurliðunartöflu framtalsins.

Verið getur að framteljandi hafi bæði með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi og starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Starfsemi hans er þá sögð *blönduð.* Í þennan reit færist þá eingöngu sú sala eða afhending sem undanþegin er skv. umræddu lagaákvæði. Minnt skal á að þeir sem eru með blandaða starfsemi þurfa að fylla út og standa skil á eyðublaði *RSK 10.27 Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi.*

1050 Söluhagnaður
Í þennan reit færist hvers konar söluhagnaður skv. ársreikningi, annar en söluhagnaður af hlutabréfum. Sölu rekstrarfjármuna og annarra eigna (annarra en hlutabréfa) ber að færa í eignaskrá *RSK 4.01*.

Bent skal á að sölutap færist í reit 3120 og frestaður söluhagnaður færist í reit 4030.

Hagnað af sölu eigna (annarra en hlutabréfa) skal alltaf færa hér. Ef söluhagnaður hefur í ársreikningi verið færður meðal óreglulegra tekna þarf líka að setja hann í reit 3670 og leiðrétta í reit 1070. Sjá almennt um leiðréttingar m.t.t. ársreiknings efst á bls. 22.

1060 Aðrar tekjur
Hér skal færa allar rekstrartekjur sem ekki bera virðisaukaskatt og ekki hefur verið gerð grein fyrir í öðrum tekjureitum. Sem dæmi um tekjur sem falla undir þennan reit má nefna:
- Bætur.
- Styrki.
- Sölu á vörum sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi eingöngu er um ræðir í 3. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt, enda hafi þær ekki verið eignfærðar. Ef um eignfærslu hefur verið að ræða, þá ber hins vegar að færa söluna í eignaskrá *RSK 4.01* og söluhagnað þeirra í reit 1050.
- Rekstrartekjur þeirra sem undanþegnir eru virðisaukaskattsskyldu skv. 4. gr. laga um virðisaukaskatt, t.d. tekjur vegna höfundarlauna, einkaleyfistekjur og tryggingabætur.
- Rekstrartekjur þeirra sem eru undir veltumörkum skv. 4 gr. laga um virðisaukaskatt.

Hér færast hvorki vaxtatekjur né aðrar tekjur sem færast í reiti 3610 til 3700.

Gera skal grein fyrir sundurliðun fjárhæðar í þessum reit í sundurliðunartöflu framtalsins.

1070 Leiðrétting rekstrartekna m.t.t. ársreiknings
Ef tekjur af sölu eða afhendingu, söluhagnaður eða aðrar tekjur í þessum kafla hafa verið færðar með öðrum hætti í ársreikningi en á skattframtalinu, þá þarf að leiðrétta í þessum reit, svo að niðurstöðutalan í reit 1090 verði jöfn rekstrartekjum skv. ársreikningi.

Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.

1090 Rekstrartekjur samtals
Hér kemur samtala reita 1017 til 1070. (Athugið að taka þarf tillit til formerkis fjárhæðar í reit 1070). Ef fjárhæðin í reit 1090 er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

Fjárhæð í þessum reit á að vera samhljóða rekstrartekjum samtals í ársreikningi.

Erlendar skattgreiðslur félaga
Ef óskað er eftir lækkun á tekjum félags vegna skattgreiðslna erlendis af tekjum sem taldar eru fram á skattframtali þess hér á landi, skal gera grein fyrir þeirri beiðni í athugasemdum á forsíðu skattframtalsins. Fram þarf að koma tegund tekna og fjárhæð, greiddir skattar erlendis, í hvaða landi og á hverju beiðnin byggir. Þessu til viðbótar þarf félagið að senda inn frumrit staðfestingar á greiðslu skatta erlendis, undirritað og stimplað frá skattyfirvöldum viðkomandi ríkis. Ekki er fallist á skönnuð afrit eða ljósrit.

Ef skattar eru greiddir af tekjum erlendis í ríki sem Ísland hefur ekki tvísköttunarsamning við þá takmarkast lækkun tekjuskatts við álagðan tekjuskatt hér á landi vegna viðkomandi tekjuárs.

Gjöld

Sundurliðun rekstrargjalda er tvískipt: Sundurliðun m.t.t. virðisaukaskatts og önnur sundurliðun gjalda.

Gjöld og aðra liði í þessum kafla ber að færa á **RSK 1.04** í samræmi við leiðbeiningar um viðkomandi reiti, í sumum tilvikum án tillits til þess hvernig sömu liðir hafa verið færðir í ársreikningi. Mismunur, sem fram kann að koma af þessum sökum, skal leiðréttur í reitum 3170 til 3290, sbr. nánari umfjöllun í kaflanum *Leiðréttingar m.t.t. ársreikningsins* á bls. 22.

Fjárhæð í reit 3990 *Hagnaður/tap skv. ársreikningi* á að vera samhljóða niðurstöðu rekstrar í ársreikningi.

Ef gjöld, sem færð eru í þessum kafla, eru ekki frádráttarbær til tekjuskatts, þarf að gera leiðréttingar til að ná fram réttri niðurstöðu til tekjuskatts, sbr. nánari umfjöllun í kaflanum *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25.

Kostnaður, sem í reynd samanstendur af ólíkum tegundum gjaldaliða og/eða sem færður hefur verið sem einn liður í ársreikningi (t.d. sem „kostnaður söludeildar“), skal ekki færður í einn reit á **RSK 1.04**. Í staðinn skal kostnaðurinn sundurgreindur og færður í reiti skattframtalsins skv. formi þess. Þannig skulu t.d. launagreiðslur ætíð sundurliðaðar og færðar einvörðungu í reiti 3030 til 3100.

Sundurliðun m.t.t. virðisaukaskatts

Gjaldaliðum í þessum kafla er skipt í þrjá dálka m.t.t. virðisaukaskatts:
Í dálk „Vsk. 24%“ færast gjaldaliðir sem myndað hafa stofn til innskatts í 24% skattþrepi.
Í dálk „Vsk. 11%“ færast gjaldaliðir sem myndað hafa stofn til innskatts í 11% skattþrepi.
Í dálk „Ekki vsk.“ færast gjaldaliðir sem ekki hafa myndað stofn til innskatts.

Gjöldin skulu talin fram án virðisaukaskatts, ef innskattað er í bókhaldi, en með virðisaukaskatti að öðrum kosti.

Séu innkaup bæði vegna virðisaukaskattsskyldrar starfsemi og starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti, ber að færa þann hluta innkaupanna sem ekki varðar hina virðisaukaskattsskyldu starfsemi í dálkinn „Ekki vsk.“.

Við afstemmingu innskatts verður virðisaukaskattur reiknaður af samanlögðum fjárhæðum gjalda eftir þrepum, sbr. nánari umfjöllun í kaflanum *Ýmis innskattur* á bls. 37.

Ef fjárhæð sem færa ætti í einhvern reitanna 2010 til 2500 er neikvæð, skal hún færð í reiti 2510 til 2530 í viðeigandi dálki, en aðeins þessir síðast töldu reitir í þessum kafla geta tekið bæði + (plús) og - (mínus) formerki.

2010, 2025 og 2030
Hráefniskaup innanlands

Í þessa reiti skal færa innkaupsverð hráefna sem keypt eru innanlands, þ.m.t. aðkeyptar hálfunnar vörur til vinnslu. Hér færast einnig innkaup byggingarefnis og byggingarhluta hjá fyrirtækjum í byggingariðnaði og annarri mannvirkjagerð, enda sæti efnið einhverri aðvinnslu af hálfu byggingaraðila, sbr. reglugerð 576/1989 og reglugerð 577/1989. Um vörukaup vegna heildsölu eða smásölu vísast til reita 2100 til 2120.

2040, 2055 og 2060
Hráefniskaup erlend

